



Reykjavík 1. nóvember 2020

Bréf sent prestum, djáknum, organistum,  
sóknarnefndum og útfararstjórum

Ágæta samverkafólk.

Í framhaldi 14. bréfsins sem sent var 30. október sl., sendi ég ykkur þessar línur, til að koma á framfæri nánari upplýsingum.

### **Aukið svigrúm vegna útfara, aðeins út þessa viku**

- Sóttvarnarlæknir og heilbrigðisráðuneytið hafa í samráði við Biskupsstofu ákveðið að veita svigrúm til aðstandenda og syrgjenda vegna allra útfara sem þegar er búið að skipuleggja og eiga að fara fram í þessari viku, að hámarksfjöldi verði 50 (ef hægt er að hafa þann fjölda í tveimur aðskildum hólfum, skal það gert). Yfirvöld hvetja hins vegar aðstandendur og kirkjuna til að virða 30 manna mörkin við útfarir í vikunni, sé það mögulegt.
- Grímuskyldu og nándarmörk skulu virt, og persónulegar sóttvarnir ítrekaðar.
- Almennt er ekki reiknað með að kirkjum sé skipt í sóttvarnarhólf.
- Ítrekun: Þetta svigrúm er veitt vegna útfara sem þegar er búið að skipuleggja og eiga að fara fram í þessari viku.

SVL og Biskupsstofa munu hafa reglulegt samráð á meðan á neyðarstigi varir.

Að öðru leyti ítreka ég það sem fram kom í síðasta bréfi og vil hvetja ykkur til dáða á þessum skráttu tímum. Mikilvægt er að við höldum vöku okkar og gerum okkar besta í baráttunni við þennan vágast. Í þeirri baráttu stöndum við ekki ein og yfirgefín. „Drottinn er nálægur öllum sem ákalla hann, öllum sem ákalla hann í einlægni.“ Dav. 145:18.

Guð gefi ykkur styrk og æðruleysi og blessi ykkur í lífi og þjónustu,

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.